



Reglur um heilsu- og vinnuvernd

Fjarðabyggð stendur vörð um velferð og heilsu starfsmanna og hvetur til heilsueflingar, eins og sveitarfélagini er frekast unnt. Fjarðabyggð vill tryggja heilsusamlegt og gott vinnuumhverfi og skýra stefnu í vinnuverndarmálum.

Góð heilsa og velliðan starfsmanna er sveitarfélagini mikilvæg og skilar aukinni starfsánægju og minni veikindafjarvistum. Sveitarfélagið leggur áherslu á að starfsmenn leggi rækt við eigin heilsu og ástundi heilbrigjt lífneri. Með stuðningi og hvatningu til heilsueflingar leggur sveitarfélagið grunn að bættri andlegri og líkamlegri líðan starfsmanna.

Fjarðabyggð tryggir öllum starfsmönnum starfsumhverfi sem fullnægir kröfum vinnuverndar um öryggi, hollustu og félagslega vinnuvernd. Starfsmenn Fjarðabyggðar leggja sitt af mörkum til að efla góðan starsanda með jákvæðu viðhorfi, gagnkvæmri virðingu og umhyggju sem stuðlar að bættum árangri og þjónustu. Starfsmenn hafna kynbundnu áreiti, kynferðisleg áreitni og ofsbeldi og upplýsa stjórnanda og yfirstjórm um slíkt athæfi.

Stjórnendum ber að vera leiðandi í að hafa gott skipulag á vinnustað, tryggja öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi auk virkrar stjórnunar fjarvista og stuðningi við sína starfsmenn. Stjórnendur veiti árlega fræðsla um heilbrigð og eðlileg samskipti á vinnustað ásamt því að vinna í forvirkum aðgerðum sem sporna gegn kynbundnu áreiti, kynferðislegri áreitni og ofsbeldi. Þá sé gætt að því að vinnuvernd sé virk og í samræmi við lög og reglugerðir þar að lútandi. Vinnustaðir sveitarfélagsins skulu hafa áhættumat vegna starfsemi sinnar og framfylgja áherslum í öryggismálum, m.a. með reglubundinni skráningu atvika sem leiða eða gætu leitt til slysa eða félagslegrar vanlíðanar.

Starfsmönnum sem lenda í langtíma veikindum eða slysum skal tryggð farsæl endurkoma til vinnu og lögð skal áhersla á sveigjanleika og aðlögun til að mæta aðstæðum þeirra s.d. með sveigjanlegum vinnutíma eða léttari störfum. Mikilvægt er að veikindum sé sýndur skilningur og haft sé samband við hlutaðeigandi þannig að tengsl hans rofni ekki við vinnustaðinn. Starfsmenn upplifi sig þannig sem mikilvægan hlekk í starfseminni sem sveitarfélagið sækist eftir að fá til starfa að nýju.

Markmið

- **Fjarðabyggð vill auka lífsgæði starfsmanna jafnt í vinnu sem frítíma.**
- **Fjarðabyggð vill viðhalda og auka starfsánægju og góðan starsanda.**
- **Fjarðabyggð vill efla þekkingu starfsmanna á leiðum til að bæta og viðhalda góðri heilsu.**
- **Fjarðabyggð vill vinna að almennri heilsueflingu í því skyni að fækka veikindadögum og fjarvistum sem tengjast vinnutengdu álagi.**
- **Fjarðabyggð vill stuðla að því að aðbúnaður og hollustuhættir á vinnustað séu eins og best verður á kosið.**
- **Fjarðabyggð vill stuðla heilbrigðum samskiptum þar sem kynbundnu áreiti, kynferðislegri áreitni og ofsbeldi er hafnað.**
- **Fjarðabyggð vill hafa vinnustaði sína tóbaks-, rafrettu-, áfengis- og vímuefnalausa.**

Áhersluatriði

- Líkamleg líðan og hvati til hreyfingar og útvistar.
- Andleg líðan og unnið gegn álagi og streitu og óheilbrigðum samskiptum.
- Áfengis-, tóbaks-, rafrettu og vímuvarnir.



Framkvæmd

- Starfsmönnum verði boðið reglulega upp á heilsufarsmælingu.
- Starfsmönnum verði boðið reglulega upp á fræðslu og samskipti og heilsufar.
- Starfsmönnum verði árlega boðið upp á bólusetningu gegn flensu.
- Starfsmenn verði hvattir til hreyfingar og þátttöku í heilsutengdum viðburðum.
- Starfsmenn verði hvattir til að ferðast til og frá vinnu, gangandi eða hjólandi, eftir því sem kostur er.
- Starfsmönnum standi til boða styrkir til íþróttaiðkunar og líkamsræktar, sem stuðli að bættri líðan og heilsu.
- Starfsmönnum standi til boða sveigjanlegur vinnutími, þar sem því er viðkomið, til að stunda líkamsrækt og hreyfingu, t.d. í tengslum við hádegishlé.
- Starfsmenn geta sótt tíma til lækna og heilbrigðissérfræðinga, án skerðingar á launum.
- Starfsmenn hafa aðgang að trúnaðarlæknni Fjarðabyggðar.
- Starfsmönnum standi til boða aðstoð við að hætta að reykja.
- Starfsmenn sem eiga við áfengis- og vímuefnavanda, fá stuðning í tengslum við meðferðarúrræði.
- Vinnuaðstaða starfsmanna skal tekin út reglulega af þar til bærum aðilum.
- Árleg séu teknar út sálfélagslegar aðstæður á vinnustað af sérfraðingum með öryggisfulltrúum (öryggisverði og öryggistrúnaðarmanni) og stjórnenda.
- Áhættumat stofnunar sé árlega endurskoðað af stjórnanda og öryggisfulltrúum m.t.t. áhættu í starfsemi sem lýtur að líkamlegum og andlegum þáttum.
- Stjórnandi vinnustaðar ásamt öryggistrúnaðarmanni og öryggisverði leggi tvisvar á ári formlega mat á vinnuaðstæður út frá öryggi og heilbrigði starfsmanna þ.m.t. sálfélagslegra þátta á vinnustaðnum.
- Þriðja hvert ár skal gerð heildstæð vinnustaðagreining fyrir stofnanir Fjarðabyggðar með það að markmiði að greina veikleika og styrkleika.
- Stjórnendur meta reglubundið úrbótatækisæri hvað varðar starfsumhverfi og líðan starfsmanna.
- Stjórnendur ásamt öryggistrúnaðarmönnum og öryggisvörðum hafi með sér náið samráð um mat á starfsaðstæðum.

Reglur þessar eiga að vera lífandi og stjórnendur sem og starfsmenn, eiga reglulega að ræða efni hennar. Kynna ber reglurnar fyrir nýliðum.

Fjarðabyggð 7. mars 2019



Karl Óttar Pétursson
bæjarstjóri

Samþykkt í bæjarráði 4.3.2019
Samþykkt í bæjarstjórm 7.3.2019